



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á landsþingi
Kvenfélagasambands Íslands
Vatnasafninu í Stykkishólmi
26. júní 2009**

Ágætu landsþingsfulltrúar
Góðir gestir

Það er við hæfi að hefja hér störf og samræður í umgjörð hins einstæða listaverks sem Roni Horn, ein þekktasta myndalistarkona okkar tíma, skóp fyrir fáeinum árum, bandarísk baráttukona sem tók ástfóstri við Ísland, náttúruna, menningu, fólkið og arfleifðina.

Hér minnir vatnið úr jöklum landsins, sérstakur jökull í hverri súlu, okkur á afleiðingarnar af athöfnum mannsins, loftslagsbreytingarnar sem kolefnisnýting og mengun magna ár af ári, bráðnunina sem gæti í upphafi næstu aldar hafa orðið svo alger að ekkert yrði þá til að sýna okkur hina gömlu jökla nema vatnið í súlunum í Stykkishólmi.

Þær mynda einnig einstæðan speglasal þar sem ægifögur náttúran, hafið, klettarnir, fjöllin í fjarska kallast á við okkur sjálf, færa okkur enn á ný heim sanninn um hve samofin örlög Íslendinga hafa ætíð verið gæðum landsins.

Það vissu húsfreyjurnar, bændakonur sem stofnuðu kvenfélögin á sínum tíma, efldu félagsskapinn, svæðasambönd í kjölfar heimastjórnar. Kvenfélögin voru vettvangur bjartsýni og baráttuanda þegar þjóðin þurfti á samstöðu að halda, lögðu áherslu á samheldnina, hefðir og mikilvægt framlag kvenna, voru höfuðvígi sjálfbodastarfs í byggðum landsins, í fremstu röð þegar mörg þjóðþrifamál voru á dagskrá.

Kvenfélögin mynduðu fjölmarga sjóði, veittu ótal styrki til margra mála, efldu skóla vítt og breytt um landið allt, voru í reynd öflugur bakhjarl á flestum sviðum. Þau skrifuðu merka kafla í menntunarsögu Íslendinga. Víða um land urðu fundir kvenna og blaðaskrif hvatinn að stofnun skóla, eins og til dæmis á Seyðisfirði. Sú merka kona Sigrún Blöndal á Hallormsstað leitaði til Kvenfélags Vallahrepps fyrir 90 árum um sérstakan styrk til námskeiðahalds, varð eins og margar kvenfélagskonur landsfræg fyrir framlag sitt, ræðuskörungur, eldhugi sem stæltist við sérhvern mótbyr.

Ég kynntist því vel ungur drengur vestur á fjörðum hvílíkur samnefnari kvenfélagið var í lífsglímu fólksins, í sjávarþorpi og sveitum í kring. Það var vettvangur þar sem vináttan óx, skilningur á ólíkum aðstæðum hvers og eins; ágreiningur um dægurmálin náði aldrei að hefta samtakamátt; hin árlegu hátíðarhöld kvenfélagsins skyggðu jafnvel á jólin sjálf að mikilvægi.

Árshátíð kvenfélagsins í Dýrafirði, sem sumir kölluðu reyndar Hjónaballið til að réttlæta þátttöku karlanna, var hápunktur gleðinnar á hverjum vetri. Þar komu allir saman sem vettlingi gátu valdið; þorpið og fjörðurinn, dalurinn og sveitirnar eignuðust eina sál og við hin yngri biðum eftirvæntingarfull eftir að fréttu næsta morgun um viðburði kvöldsins.

Það var einmitt þessi sál, þessi andlega leiðsögn sem í áraraðir var framlag kvenfélaganna í byggðum landsins, féлага sem auk þess voru uppeldisstöðvar og þjálfunarskólar fyrir forystukonur sem létu svo að sér kveða á öðrum sviðum.

Það Ísland sem óx úr fátækt fyrri alda til þeirrar velmegunar sem lýðveldistíminn hefur fært landsmönnum flestum var að hluta skapað í anda hugsjónanna sem kvenfélögin höfðu í heiðri.

Þótt síðari tímar hafi kollvarpað ýmsu og öðru breytt þá þurfum við enn ríkulega á framlagi ykkar að halda, einmitt nú þegar þjóðin kallar eftir gömlum og góðum gildum sem áður reyndust farsælt veganesti, leiðsögn á erfiðum tímum.

Kvenfélögin hafa löngum miðlað fróðleik um hagsýni og bættan hag, þekkingu sem komið hefur sér vel að hafa í farteskinu þegar konur og fjölskyldur þeirra glíma við krappari kjör.

Saga kvenfélaganna er auðug að dæmum um árangur í þessum efnum, framlög til umbóta á mörgum sviðum.

Á Húsavík, svo dæmi sé tekið, beindist starfsemin í upphafi síðustu aldar að málefnum menningar og mannúðar, áherslu á að fræða ungar

stúlkur, kenna hannyrðir og íslenska tungu, skipuleggja hjálparstarf, líkna sjúkum, færa sængurkonum matargjafir, fatnað og annað nauðsynlegt; stundum þegar hart var í ári tóku félagskonur umkomulaus börn inn á heimili sín. Félagið á Húsavík lagði einnig framlög í ekknasjóð og stofnaði reyndar til fjölmargra styrkja sem ætlaðir vorum fátækum, sjúklingum sem þurftu að leita sér læknishjálpar.

Þannig getum við farið vítt og breitt um byggðir landsins, alls staðar finnum við í sagnasjóði fjölmörg dæmi um hið merka starf á vettvangi kvenfélaga.

Reynslan og félagsleg þjálfun sem þar er að finna veita nú ýmis sóknarfæri þegar kallað er eftir samræðum um ný samfélagsgildi, fyrirmyndum um hagsýni, ráðdeild, samstöðu og velferð allra.

Tímarnir sem fara í hönd verða á margan hátt örlagaríkir og samtakamáttur Kvenfélagasambands Íslands getur skipt miklu við að skapa hið nýja Ísland, samfélag sem yrði byggt á hugsjónum og lífsgildum sem verið hafa leiðarljós kvenfélaganna allt frá því að konur í Þingeyjarsýslu og víðar á Norðurlandi stofnuðu fyrstu samböndin.

En það er líka á alþjóðavísu sem kallað er eftir auknum hlut kvenna í þróun samfélags og atvinnulífs. Baráttan við fátækt í fjarlægum löndum mun aldrei verða árangursrík nema konurnar þar eflist á sama hátt og íslenskar gerðu fyrir röskri öld. Því er áriðandi að samtök ykkar verði áfram virk í alþjóðastarfi, miðli þeirri dýrmætu reynslu sem saga Íslendinga frá fátækri nýlendu til velmegunar hins sjálfstæða ríkis felur í sér.

Þeirri reynslu þarf að miðla, ekki aðeins í fjarlægum löndum, heldur líka til nágretta okkar, Grænlandinga, sem um síðustu helgi fengu sjálfstjórnarvald í eigin hendur. Það var hátíðleg stund og gleði í augum sérhvers manns, blærinn og ræðurnar, boðskapurinn, framtíðarvonir minntu um margt á Ísland við heimastjórn og fullveldistöku. Því hvet ég ykkur eindregið til að leita eftir öflugum samstarfi við grænlandskonur, nágretta sem vænta mikils af samvinnu við Íslendinga, þykir reynsla okkar dýrmætur sjóður.

Jafnframt er mikilvægt að Kvenfélagasambandi Íslands verði sköpuð aðstaða til að einstök aðildarfélag og sambandið sjálft geti orðið að öflugum liðsinni við endurreisn okkar eigin samfélags, hjálpi fjölskyldum og heimilum sem glíma við mikla erfiðleika, veiti konum, ungum sem öldnum, kjark og hæfni til að ná fótfestu á ný, feta stíginn fram til betri tíma.

Nú þarf okkar þjóð ríkulega á reynslusjóði kvenfélaganna að halda.

Með þeim orðum þakka ég ykkur fyrir hið merka starf sem þið hafið unnið, færi ykkur kærar kveðjur frá Dorrit sem nú er í önnum í öðru landi og óska ykkur allra heilla á komandi árum.